

Nd.

693. Breytingartillögur

við frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Þingvellir við Öxará og grendin þar skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.
2. Við 2. gr. Í stað »friðhelga svæðisins« í upphafi greinarinnar kemur: hins friðhelga lands.
3. Við 3. gr. Í stað »aukning fjallskila« í niðurlagi fyrri málsgreinar kemur: íþynging fjallskila.
4. Við 4. gr. Í stað »Friðlýsta landið« kemur: Hið friðlýsta land.
5. Við 6. gr. Í stað »friðlýsta svæðið« kemur: hið friðlýsta land.
6. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, alt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.
Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.
7. Á eftir 8. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.